



1622. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
26.4.2017, kl. 11:30

- 1. Fundargerð 1621. fundar**
Samþykkt.
- 2. Embætti stjórnar**
Samþykkt tillaga formanns um óbreytta skipan.
- 3. Verkefnasjóður ÍBR**
Tillaga sjóðsstjórnar samþykkt.
- 4. Afrekssjóður ÍBR**
Tillaga sjóðsstjórnar samþykkt.
- 5. Hugmyndir varðandi Verkefnasjóð og Afrekssjóð**
Rætt um aðgerðir til að hvetja til þess að úthlutanir séu sóttar og áherslur sjóðsstjórna varðandi úthlutanir. Samþykkt að sjóðsstjórnir skili tillögum um breytingar til stjórnar ÍBR á næstu vikum.
- 6. Viðmiðunarreglur fyrir stórafmæli félaga**
Rætt um núverandi reglur og um tillögur að breytingum á þeim. Unnið verður áfram með tillögur út frá athugasemdum sem fram komu á fundinum og lagt aftur fyrir stjórn á næstu vikum.
- 7. Sundfélagið Ægir 90 ára**
Samþykkt að gefa félaginu afmælisgjöf og veita Guðmundi Harðarsyni gullmerki ÍBR.
- 8. Íþróttaping**
Lagt fram kjörbréf ÍBR.
- 9. Fjölnota mannvirki**
Samþykkt að skrifa erindi til Reykjavíkurborgar vegna málsins.
- 10. Bók – ÍBR, formenn, stjórnir og framkvæmdastjórar**
Jóhannes Long hefur tekið saman mynda- og textabók um stjórnir ÍBR frá upphafi.
- 11. Fundaáætlun**
Lögð fram áætlun fyrir fundi stjórnar fram í ágúst.
- 12. Afmæli ÍBR**
Rætt um að huga að söguritun vegna 75 ára afmælis ÍBR 2019.
- 13. Þakkarbréf FSÍ**
Lagt fram bréf Fimleikasambands Íslands þar sem þakkað er fyrir afnot af aðstöðu fyrir Íslandsmeistaramót í áhaldafimleikum.

Fundi slitið kl. 13:00.

Frímann Ari Ferdinandsson sá um fundarritun.